

Lifandi fyrirtæki - leiðandi afl





Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur er hátæknifyrirtæki sem sér rúmlega helmingi þjóðarinnar fyrir húshitun með jarðvarma, drykkjarvatni, rafmagni og fráveitu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja á vísindalegri þekkingu og mikilli reynslu við úrlausn verkefna á sviði verkfræði, jarðfræði, verkefnisstjórnun og umfangsmikilli tækniþekkingu við öflun og dreifingu á orku og vatni á þann hátt að telst til eðlilegra lífsgæða í fullkominni sátt við umhverfið og náttúruna. Orkuveita Reykjavíkur hefur einsett sér að vera í fararbroddi í góðri umgengni við umhverfið, sérstaklega í nýtingu landsins gæða, enda liggja hagsmunir Orkuveitu Reykjavíkur í því að umhverfismál séu forgangsmál í allri starfsemi fyrirtækisins.


Orkuveita Reykjavíkur starfar í anda meðvitaðrar og skýrrar samfélagslegrar ábyrgðar og sinnir sem slíkt umfangsmikilli nýsköpun, þátttöku í menningarlífi, fræðslu um vistvæna orkuvinnslu og hverju því öðru, sem má verða til hvatningar í íslensku þjóðlífi á sviði orkuvinnslu, umhverfismála og efnahagslífs.

Stærsta jarðhitaveita í heimi

Orkuveita Reykjavíkur er í eigu Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna Akraness og Borgarbyggðar. Fyrirtækið skilar árlega arði til eigenda sinna og er rekið með hagnaði. Öll starfsemi fyrirtækisins er vottuð samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Við erum ungt fyrirtæki á gömlum grunni og höfum vaxið hratt undanfarin ár. Starfssvæði okkar nær um Suður- og Vesturland en meginstarfsemin er á höfuðborgarsvæðinu. Orkuveitan framleiðir, dreifir og selur rafmagn, heitt vatn og kalt vatn auk þess að reka fráveitur á þéttbýlasta hluta Íslands. Þjónusta fyrirtækisins nær til 20 sveitarfélaga þar sem búa um 210 þúsund manns, eða um 70% Íslendinga. Hitaveita okkar er stærsta jarðvarmahitaveita í heimi og lagnir hitaveitukerfisins teygja sig um 2500 km.





Leiðandi afl í sjálfbærri orkunýtingu

Starfsemi Orkuveita Reykjavíkur er lýsandi dæmi um sjálfbæra orkunýtingu Íslendinga. Hlutfall endurnýtanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun þjóðarinnar er rúmlega 70%, sem er langt umfram það sem gerist nokkurs staðar í heiminum. Við notum jarðvarma til allrar húshitunar, þjóðum vatn úr náttúrulegum lindum án þess að þurfa að meðhöndla það á nokkurn hátt og með því að fullnýta orku frá jarðhitavirkjunum á Nesjavöllum og Hellisheiði framleiðum við rafmagn með fullkomlega vistvænum hætti. Til samanburðar má geta þess, að árlega þyrfti 560 þúsund lestir af kolum til húshitunar á höfuðborgarsvæðinu og um 360 þúsund lestir af olíu. Kolabingurinn yrði á stærð við Öskjuhlíðina og bílalest olúflutningabíla næði í samfellu til Seyðisfjarðar. Um kostnaðinn þarf ekki að fjölyrða.

Vistvæn lífsgæði fyrir alla

Við erum því í lykilhlutverki þegar talað er um vistvæn lífsgæði í sátt við náttúruna. Frá Orkuveitu Reykjavíkur fá viðskiptavinir heitt vatn til húshitunar við hátt og jafnt hitastig allt árið og rafmagn á verði sem er mun lægra en gerist í nágrennalöndum, nægt gott drykkjarvatn og rafmagn með afhendingaröryggi langt umfram það sem annars staðar gerist, enda er dreifikerfi rafmagns tvöfalt til þess að auka öryggi. Vegna þessara aðstæðna er svokölluð húsasótt óþekkt hér á landi og gjógt talin fátíðari og minni en annars staðar. Við heimahús og í fyrirtækjum er afgangsvatn frá húshituninni notað til þess að hita upp gangstéttir og innkeyrslur og bílastæði. Borgaryfirvöld hafa nýtt sér þessar aðstæður til þess að hita gangstéttir í miðborginni og hafa stóraukið hitun gatna við erfiðar aðstæður. Hefur það aukið til muna umferðaröryggi og dregið úr slysum allra vegfarenda.

Sérstakur þáttur í starfsháttum Orkuveitu Reykjavíkur er stuðningur fyrirtækisins við rekstur fjölmargra sundlauga á höfuðborgarsvæðinu. Um 3 milljónir gesta koma í sundlaugar og heilsulindir árlega og njóta heita vatnsins, sem fyrirtækið leggur til á hagstæðu verði. Það er liður í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins, enda stuðla laugarnar að almennri vellíðan íbúa, félagslegri og heilsusamlegri dægurvöl eldri borgara og sundkennslu fyrir alla, - fyrir utan iðkun fjölbreyttra sundíþróttagreina.





Verkfræði og jarðfræði eru undirstaðan

Orkuveita Reykjavíkur byggir starfsemi sína á raunvísindum. Stjórnun framkvæmda, hönnun allra mannvirkja og rekstur byggir á verkfræði af öllu tagi og allar virkjanir og orkuöflun eru byggðar á umfangsmiklum margra ára jarðfræðirannsóknnum sem unnar eru af færustu vísindamönnum á sínum sviðum sem völ er á. Nálega eitt hundrað ára reynsla fyrirtækisins af rekstri vatnsveitu og sjötíu ára reynsla af rekstri hitaveitu, hefur skilað mikilli þekkingu sem Orkuveita Reykjavíkur getur nú miðlað til þjóða heims í sívaxandi eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku. Við tökum beinan þátt í aukinni verðmætasköpun þjóðarinnar á sviði þekkingar. Við látum einnig í té fræðslu með kennslu nemenda frá mörgum þjóðlöndum í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík. Við höfum viðað að okkur mikilli þekkingu á möguleikum borana, t.d. stefnuborun á háhitasvæðum, sem beitt hefur verið af mikilli hæfni á Hengilssvæðinu. Það hefur gert okkur kleift að komast að heitu vatni og þrýstingi langt frá upphafsstað og setja borstaði niður með sem minnsta röskun umhverfisins í huga. Má þar nefna stefnuborun af Skarðsmýrarfjalli sem leiðir af sér að ekki þarf að raska náttúru á svæðunum þar í kring.

Við erum einnig virkir þátttakendur í Djúpborunarverkefninu, alþjóðlegu verkefni sem ætlað er að margfalda afköst borhola og stórauka því nýtingu jarðhitans á hverju svæði. Loks erum við í samstarfi við innlenda og erlenda aðila um tilraunir til niðurdælingar á koltvíoxíði niður á basaltjarðlög. Með þeirri tilraun fylgist öll heimsbyggðin, enda er losun gróðurhúsalofttegunda eitt helsta áhyggjuefni núlifandi kynslóða.





Fullkomin aðstaða fyrir ánægt starfsfólk

Í glæsilegum höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls í Reykjavík starfa um 600 starfsmenn við öflun og dreifingu orku og vatns og við að sinna alhliða þjónustu við viðskiptavini. Vel er búið að starfsfólki í opnu skrifstofurými, m.a. með fullkominni matstofu, bókasafni og annarri aðstöðu. Með nánu sambandi við iðnaðarmenn og fulltrúa byggingariðnaðarins og skipulagsyfirvöld á athafnasvæði fyrirtækisins hefur tekist gott samstarf um framfaramál eins og breytingar á öllum tengingum í hvert hús sem kallað er Allar veitur,- ein tenging. Öll starfsemi og starfshættir fyrirtækisins eru skráð og skilgreind í Rekstrarhandbók og starfsmenn setja sér markmið sem skráð eru í Skorkort, kerfi markmiðastýringa, sem við höfum kynnt fleiri fyrirtækjum og stofnunum hér á landi. Fyrirtækið hefur sett fram skýra starfsmannastefnu og gildi og við það er starfandi jafnréttisnefnd.

Á hverju sumri ræður Orkuveita Reykjavíkur til sín um 150 nemendur úr framhaldsskólum og af háskólastigi. Nemendur af framhaldsskólastigi sinna margvíslegum viðhaldsverkefnum og umhverfisbótum, en háskólanemar eru ráðnir til þess að vinna að verkefnum sem tengjast sérhæfingu þeirra í námi. Á hverju ári komast miklu færri að en vilja.

Allir dagar eru dagar umhverfisins

Við hlutum umhverfisverðlaun Umhverfisráðuneytisins, Kuðunginn, fyrir árið 2004. Mjög mikil og dagleg áhersla er lögð á umhverfismál, umhverfisstefna fyrirtækisins er virk og rædd á sérstökum námskeiðum sem allir starfsmenn sitja. Öll orkuöflun fyrirtækisins er framlag til minni gróðurhúsaáhrifa, við höldum skilvirkt grænt bókhald og leggjum okkar að mörkum til bættrar umgengni við náttúruna. Má þar nefna þátt töku Orkuveitu Reykjavíkur í Nýorku, verkefni um vetnisframleiðslu og notkun hér á landi, framleiðslu metan-gass í Álfsnesi og notkun á því og athuganir á frekari rafvæðingu samgöngutækja. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur sett sér þau markmið að 55% bílaflota fyrirtækisins verði vistvænni þegar árið 2013. Uppbygging frá-veitumannvirkja í Reykjavík og hreinsun strandlengjunnar þar er mesta umhverfisbótaverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi og tók 25 ár að fullgera. Mjög fullkomið kerfi hreinsistöðva er tengt um 800 km. lagnakerfi og hreinsuðum vökva er dælt í sjó fram.





Drifkraftur á sviði menningar og menntunar

Umhverfis- og orkurannsóknarsjóður Orkuveitu Reykjavíkur sem stofnaður hefur verið í samstarfi við alla háskóla á athafnasvæði fyrirtækisins er skýrasta dæmið um virka þátttöku okkar í menningar- og menntunarmálum. Til sjóðsins eru lagðar verulega fjárupphæðir og á hann að hvetja til nýrra verkefna á sviði orku og umhverfis. Við veitum auk þess margvíslega styrki til menntunar- og menningarmála, sérstaka styrki til kvenna í námi í iðn- og raungreinum, tókum þátt í Menningarnótt í Reykjavík með eftirminnilegum hætti ár hvert, í Vetrarhátíð og rekum Minjasafn Orkuveitunnar og Rafheima, fræðslusetur fyrir grunnskólabörn. Fræðsluvefur Orkuveitu Reykjavíkur um orku og umhverfismál er metnaðarfullt samstarfsverkefni okkar með fræðslufirvöldum. Auk þessa tókum við virkan þátt í menningarlífi með sýningum og uppákomum í sýningarsalnum 100° á Bæjarhálsi sem hefur unnið sér fastan sess í menningarlífi borgarinnar. Orkuveita Reykjavíkur tekur á móti um 500 þúsund gestum ár hvert. Þyngst vegur þar fjöldi gesta í Perluna, en einnig á Bæjarháls, á Nesjavelli og í Hellisheiðarvirkjun. Fjöldi erlendra gesta, fjölmiðlafólk, þjóðhöfðingjar og aðrir ráðamenn koma í heimsókn til þess að fræðast um einstaka orkuvinnslu, sem talin er vera til eftirbreytni fyrir aðrar þjóðir heims.

Íslensk útrás öllum til hagsbóta

„Íslenska leiðin“ – jarðhitanýting að hætti Íslendinga, er nýtt útrásarverkefni þjóðarinnar. Þó unnið hafi verið að ráðgjöf við minni háttar jarðhitaverkefni víða um heim undanfarin ár, hefur áhugi á jarðhitanýtingu nú margfaldast og er leitað til íslenskra sérfræðinga, m.a. Orkuveitu Reykjavíkur, um sérfræðiaðstoð á þessu sviði. Fyrirtækið er hluthafi í Enex, ráðgjafafyrirtæki á þessu sviði og Enex Kína, sem nú setur á laggirnar hitaveitu í Kína. Mörg önnur verkefni eru til skoðunar.

Hlutverk til framtíðar

Starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið falin margvísleg og mikilvæg verkefni á undanförunum árum. Verkefni sem hafa verið leyst með þekkingu og reynslu og hagsmuni samfélagsins og umhverfisins að leiðarljósi. Framundan eru spennandi tímar fyrir okkur og við erum þess fullviss að geta lagt okkar af mörkum til þess að bæta lífsskilyrði og vellíðan viðskiptavina okkar og eigenda.



Orkuveita Reykjavíkur · Sími 516 6000 · or@or.is · www.or.is

